



## Starfsemi Félags heyrnarlausra á árinu 2017 og 2018.

Verkefni Félags heyrnarlausra á árinu 2017 og 2018 mun að mestu leyti byggjast á því að koma af stað greiningarvinnu um geðheilbrigði heyrnarlausra. Félagið hefur í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og útskriftanema í sálfræði þar ákveðið að fara í stóra og viðamikla könnun þar sem kynnt er fyrir félagsmönnum hvaða geðsjúkdómar eru helstir í gangi í samfélaginu s.s. kvíði, þunglyndi og áfallastreituröskun ásamt fleiru og hvernig slíkir sjúkdómar hegða sér í reynd. Í framhaldinu verður farið í viðamikla könnun á geðheilsu þeirra þar sem öll könnunin fer fram á táknmáli svo rannsóknin skili sér sem best til fólksins.

Í framhaldinu mun félagið vinna úr greiningu rannsóknarinnar og fara með hana áfram inn í heilbrigðiskerfið þar sem við tekur vinna við að koma fólki í viðtöl og meðferðir.

Við slíkt verkefni þurfum við á góðum samstarfsaðilum að halda og óskum við eftir liðsinni fyrirtækja að gera okkar góða fólk betra og tryggja andlegt heilbrigði og heilsu landsmanna.

Með bestu kveðju frá Félagi heyrnarlausra!